



Stærðfræði

Námsgrein / Heildstætt verkefni:

Tímabil: Ágúst 2023 - júní 2024

Námsmarkmið sem unnið verður með:

Haustönn

Að nemendur:

- Læri um rúðunet og hnitakerfi.
- Öðlist aukna færni í reikniaðgerðunum fjórum (samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu).
- Þrói skilning sinn á tölum og sætiskerfinu.
- Auki talnaskilning sinn með því að vinna með hærri tölur og leysa dæmi í samlagningu og frádrætti með þriggja og fjögurra stafa tölum.
- Nái að nýta þekkingu sína á klukku til að reikna út margskonar dæmi tengdum klukku og tíma og læra að finna tímasetningar með því að reikna í klukkustundum og mínútum.
- Þjálf margföldunartöflunnar.
- Æfa deilingu sem endurtekinn frádrátt og jafna skiptingu.
- Læri um flutning í hnitakerfinu, þ.e.a.s. um spegilsamhverfu, snúningsamhverfu og hliðrun.

Vorönn

Að nemendur:

- Þekki muninn á ummáli og flatarmáli. Unnið verður með lengdar-, þyngdar- og rúmmáls mælingar og bera saman mælieiningar og að umbreyta einni einingu í aðra.
- Rifja upp eða læri margföldunartöflunnar. Margföldun og deiling verða þjálfuð með því að leysa verkefni úr daglegu lífi.
- Kynnist tugabrotum, bæði í tengslum við mælingar, talnalínu og sem óhlutbundið stærðfræðilegt hugtak.
- Læri um almenn brot sem hluta af heild og að heildin geti ýmist verið safn, lengd eða mynd.
- Þjálfist áfram í reikniaðgerðunum fjórum og geti leyst dæmi með samlagningu eða frádrætti fjögurra stafa talna.
- Læri að gera tölfræðilegar kannanir sem byggjast bæði á niðurstöðum mælinga og spurningum sem þeir leggja fyrir.



Verkefni:

Farið verður í hvern námsþátt fyrir sig þar sem bókin, verkefni og annað ítarefni verður nýtt til að auka skilning og þekkingu nemenda.

Námsefni/kennslugögn:

Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingabók

Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluefni af veraldarvef

Námsmat

Símat.

Munnleg endurgjöf í foreldraviðtali í febrúar.

Skrifleg endurgjöf í lok skólaárs.

Kannanir.